

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 18, 14. janúar 2008,
um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2008.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sem uppfylla ákvæði um afladagbækur samkvæmt kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Staðfestar upplýsingar um landaðan afla einstakra skipa hvers mánaðar, sundurliðaðar eftir fisktegundum og löndunardögum, ásamt afritum úr afladagbókum, skal senda Fiskistofu eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót.

Veiðarfæri sem ætluð eru til annarra veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. febrúar 2008.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Þórður Eyþórsson.